

Tilmæli	23/2022
Tillaga	A 1893/vækst
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 23/2022 um vottun sjálfbærrar ferðaþjónustu

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð samþykki álitid um tilmæli 23/2022 og bíði eftir *pólítsku samráði*.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

- innleitt verði vottunarkerfi fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin fagnar viðleitni Norðurlandaráðs í átt að sjálfbærri ferðaþjónustu á Norðurlöndum og einnig pólítskum áhuga á málefnum. Stefnumarkandi áherslur norrænu ráðherranefndarinnar um atvinnustefnu (MR-N) varðandi ferðaþjónustu voru samþykktar á fundi atvinnumálaráðherranna í Björgvin árið 2019, þegar norræna áætlunin um samstarf í ferðaþjónustu var samþykkt af ráðherrunum. Tilgangur áætlunarinnar er að efla norrænt samstarf á sviði ferðamála á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar með það að markmiði að tryggja sjálfbæran hagvöxt á svæðinu. Áætlunin styður við innlendar stefnur í ferðamálum með innleiðingu verkefna sem tengjast markmiðum áætlunarinnar og kerfisbundnari nálgun við innlendar og svæðisbundnar áskoranir þar sem sjálfbærni er í fyrirrúmi.

Með tilliti til tilmæla um að innleitt verði vottunarkerfi fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu, bendir ráðherranefndin á að þegar megi finna mörg mismunandi vottunarkerfi heima fyrir og á alþjóðavettvangi. Mörg þessara kerfa byggja á alþjóðlega viðurkenndum og/eða stöðluðum vísum og viðmiðum.

Það er mat ráðherranefndarinnar að innleiðing nýs kerfis feli ekki í sér nægilegan virðisauka og notagildi. Að auki mun nýtt kerfi vera krefjandi og kostnaðarsamt og einnig er óljóst hverju nýtt vottunarkerfi muni skila. Ráðherranefndin bendir einnig á að sjálfbærnivottun krefjist verulegs átaks af hálfu þeirra sem sækja um vottun og að nýtt

kerfi í sjálfu sér gerði ekki endilega norræna ferðapjónustu sjálfbærari en nú er. Niðurstaða ráðherranefndarinnar er því að ekki beri að leggja áherslu á nýtt vottunarkerfi.

Norræna ráðherranefndin telur af þessum sökum að ekki sé unnt að verða við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar við tilmælunum er að ekki sé vilji til að Norræna ráðherranefndin innleiða vottunarkerfi fyrir sjálfbæra ferðapjónustu.

Í svari Norrænu ráðherranefndarinnar segir að þegar megi finna mörg mismunandi vottunarkerfi, jafnt heima fyrir sem á alþjóðavettvangi, og að þau byggi á alþjóðlega viðurkenndum og stöðluðum viðmiðum. Auk þess er talið að innleiðing vottunarkerfis verði krefjandi að teknu tilliti til norræns notagildis. Því felur þessi tillaga ekki nægilegt norrænt notagildi í sér og ber því ekki að leggja áherslu á hana.

Þörfin á samræmingu milli Norðurlandanna er það sem tilmælin kalla eftir.

Sjá má að svar Norrænu ráðherranefndarinnar styður við kröfur tilmælanna, sem bendir til þess að raunveruleg þörf sé fyrir sameiginleg viðmið.

Rök Norrænu ráðherranefndarinnar eru að þegar megi finna mörg mismunandi vottunarkerfi, jafnt heima fyrir sem á alþjóðavettvangi, og að þau byggi á alþjóðlega viðurkenndum og stöðluðum viðmiðum sem svo aftur á móti styrkir rökin fyrir sameiginlegum norrænum viðmiðum.

Með hliðsjón af framangreindu óskar nefndin eftir pólitísku samráði til að varpa ljósi á svar Norrænu ráðherranefndarinnar við tilmælunum.

Svalbarða, 27. júlí 2023

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Erling Bonnesen (V)

Mikael Lindholm (ÁC)

Lean Milo (M)

Stein Erik Lauvås (A)

Karianne B. Bråthen (A)

Kim Aas (S)

Malin Larsson (S)

Ann-Sofie Alm (M)

Lars Püß (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Erling Eidesgaard (T)

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Silje Hjemdal (FrP)